

Upplýsingar um sýningarstyrki vegna ársins 2019, leiðbeiningar og skýringar um meðferð og mat umsókna

UM EFNI ÞESSA SKJALS:

Hér á eftir eru settar fram skýringar á helstu reglum sem gilda um meðferð, umsýslu og útreikning sýningarstyrkja, auk leiðbeininga um hvernig sækja skal um slíka styrki.

Um sýningarstyrki gilda ákvæði kvikmyndalaga og reglugerðar um sýningarstyrki. Textinn hér á eftir er einvörðungu ætlaður til leiðbeiningar og skýringa, en ef óvissa kemur upp um túlkun orðalags eða framsetningu gildir formlega samþykkt regluverk

GRUNDVÖLLUR SÝNINGARSTYRKJA OG REGLUR UM FRAMKVÆMD ÞEIRRA:

Í 3. mgr. 6. gr. kvikmyndalaga nr. 137/2001 er Kvikmyndasjóði veitt heimild til að „veita sérstaka sýningarstyrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi í hlutfalli við heildarandvirði seldra aðgöngumiða að sýningum á viðkomandi kvikmynd.“

Reglugerð nr. 1349/2018 um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi tiltekur nánar hvernig standa skal að umsýslu og veitingu sýningarstyrkja.

Hlekkur á kvikmyndalög nr. 137/2001:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2001137.html>

Hlekkur á reglugerð nr. 1349/2018:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/1349-2018>

SAMANTEKT:

1. Hægt er að sækja um sýningarstyrki vegna ársins 2019. Umsóknarfrestur rennur út 30. júní 2020, en umsóknir eru teknar til umfjöllunar um leið og þær berast.
2. Sótt eru um sýningarstyrki á heimasíðu KMÍ: <https://umsokn.kvikmyndamidstod.is/>
3. Sýningarstyrkir eru veittir til framleiðenda kvikmynda á íslensku sem sýndar eru í innlendum kvikmyndahúsum.
4. Til þess að hljóta sýningarstyrk þarf talmál upphaflegrar gerðar kvikmyndarinnar að vera íslenska. Til þess að uppfylla það skilyrði þarf meira en helmingur talmáls að vera á íslensku. Auk þess þarf myndin að vera að lágmarki 70 mínútur í sýningu.
5. Fjárhæð sýningarstyrkja nemur 20% af skráðum tekjum myndarinnar í almennum sýningum í íslenskum kvikmyndahúsum.
6. Í umsókn þarf að veita aðgang að upplýsingum um tekjur af sýningu kvikmyndarinnar og kostnaðaruppgjör, auk almennra upplýsinga um verkefnið skv. umsóknareyðublaði.

LEIÐBEININGAR VEGNA UMSÓKNA OG SVAR VIÐ SPURNINGUM

A. Hvaða skilyrði þurfa kvikmyndir að uppfylla til að geta hlotið sýningarstyrk?

Sýningarstyrki má veita til kvikmynda á íslensku sem sýndar hafa verið í kvikmyndahúsum hér á landi, skv. því sem nánar er tiltekið hér á eftir.

Nánari skýringar á kröfum til verkefna sem njóta sýningarstyrkja:

>> **Tungumál kvikmynda:** Með kvikmynd á íslensku er átt við að frumútgáfa kvikmynda, sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsi hér á landi, sé með íslensku tali.

- Með vísan til frumútgáfu kvikmynda er átt við að myndin hafi ekki verið upplega gerð á öðru tungumáli og tasett eða textuð á íslensku fyrir sýningu hér á landi.
- Kvikmynd er talin vera á íslensku ef meira en helmingur talmáls er á íslensku. Leiki vafi á því í einhverjum tilvikum hvort meira en helmingur talmáls sé á íslensku getur KMÍ óskað eftir að fá afhent handrit, samtalskrá og/eða afrit sýningareintaks kvikmynda til þess að sannreynna vægi íslensku í talmáli hennar.

>> **Lengd kvikmynda:** Til þess að njóta sýningarstyrks þarf kvikmynd að vera að lágmarki 70 mínútna löng. Leiki vafi á lengd kvikmynda getur KMÍ óskað eftir afriti sýningareintaks til þess að sannreyna sýningartíma hennar.

>> **Sýningarvettvangur kvikmynda:** Til þess að njóta sýningarstyrks þarf kvikmynd að hafa verið sýnd á almennum sýningum í íslenskum kvikmyndahúsum, þ.e. sýningum þar sem almenningi gefst kostur á að sjá kvikmyndina.

>> **Tegund kvikmynda:** Kvikmynd í samhengi sýningarstyrkja getur verið leikin kvikmynd, heimildamynd, kviku mynd eða mögulega samsláttarform (e. hybrid), að því gefnu að önnur skilyrði um lengd, tungumál og almennar sýningar í kvikmyndahúsum eru uppfyllt. Mynd sem framleidd var til birtingar í sjónvarpi eða efnisveitum og er tekin til sýninga í kvikmyndahúsum eftir frumsýningu þar, mögulega eftir aðlögun eða endurklipp fyrir birtingu í kvikmyndahúsi, getur ekki notið sýningarstyrkja.

B. Hver getur sótt um sýningarstyrk?

Framleiðslufyrirtæki kvikmynda getur sent inn umsókn um sýningarstyrk vegna kvikmynda. Umsækjandinn þarf að vera aðalframleiðandi kvikmynda. Þó getur meðframleiðandi sótt um sýningarstyrk sé um samframleiðslu að ræða, enda hafi hann umboð aðalframleiðanda til þess.

C. Hvað ræður fjárhæð sýningarstyrks?

Sýningarstyrkir eru reiknaðir út á ársgrundvelli og hvert ár gert upp í heild við umsækjanda/styrkþega.

Sýningarstyrkir vegna ársins 2019 nema 20% af heildarsölutekjum kvikmynda í almennum sýningum í íslenskum kvikmyndahúsum.

Stofn til útreiknings sýningarstyrks eru því heildarsölutekjur fyrir miðasölu á kvikmyndina, þ.e. sú fjárhæð sem áhorfendur greiddu fyrir miðann og mynduðu sölutekjur hjá kvikmyndahúsinu við sölu almenns aðgöngumiða. Frumsýningar sem boðið er á, aðrar boðssýningar eða útgáfa boðsmiða sem ekki skapa tekjur mynda því ekki stofn til útreiknings sýningarstyrks. Markmið sýningarstyrka er að auka útbreiðslu kvikmynda á íslensku og því er mið tekið af almennum sýningum og miðað við almennar sölutekjur sem reiknað er 20% af til að finna út styrkfjárhæð.

D. Hvernig er sótt um sýningarstyrk?

Sótt er um sýningarstyrk á rafrænni umsóknargátt KMÍ:

<https://umsokn.kvikmyndamidstod.is>

Umsækjandi auðkennir sig á síðunni með íslykli eða rafrænum skilríkjum og velur merkið „umsóknir“ og þá sýningarstyrki úr styrkjaflokkum Kvikmyndasjóðs.

Þar fyllir umsækjandi út umsóknareyðublað sem sett er fram í eftirfarandi hlutum.

0. Veittar upplýsingar um sýningarstyrki (engin krafa um skráningu)
1. Skráðar upplýsingar um umsækjanda
2. Skráðar upplýsingar um kvikmyndina, þ.m.t. sölutekjur og sundurliðun tekna
3. Skráðar upplýsingar um framleiðslukostnað og aðra styrki
4. Staðfesting á réttmæti umsóknargagna

Ef umsækjandi kys að senda ekki umsókn á tölvutæku formi er gefinn kostur á að fylla út eyðublað sem óska má eftir á skrifstofu KMÍ, þar sem sömu kröfur eru gerðar til skilagagna.

E. Hvaða gögn þarf að hafa til reiðu við skil umsóknar?

Eftirfarandi upplýsingum og gögnum þarf að standa skil á við umsókn um sýningarstyrk:

Veita þarf almennar upplýsingar um verkefnið, s.s. heiti kvikmyndar, framleiðanda og leikstjóra. Þá er óskað staðfestingar á sýningartíma og tungumáli kvikmyndar.

Aðrar upplýsingar sem þarf að tiltaka í umsókn eru:

- Sundurliðun tekna af sölu aðgöngumiða í almennum sýningum á ársgrundvelli. Leggja má fram yfirlit frá dreifingaraðilum og kvikmyndahúsum til staðfestingar.
- Kostnaðaruppgjör kvikmyndar. Hafi slíkt uppgjör þegar verið lagt fram til KMÍ vegna annarra styrkveitinga má gefa KMÍ heimild til að nota fyrirliggjandi gögn í því samhengi.
- Upplýsingar um aðra ríkisstyrki til kvikmyndarinnar úr samþykktum ríkisstyrkjakerfum, þ.e. frá Kvikmyndasjóði og vegna endurgreiðslukerfis kvikmynda.
- Upplýsingar um aðra ríkisstyrki sem umsækjandi hefur notið vegna reglna um að minniháttar styrkir („de minimis aid“) megi ekki fara umfram 200 þúsund evrur á yfirstandandi rekstrarári og því síðasta.

F. Hvað gerist eftir að umsókn hefur verið skilað til KMÍ ?

Móttaka umsóknar er staðfest með sjálfvirkum hætti um leið og hún er móttokin í kerfum KMÍ á það tölvupóstfang sem er uppgið í umsókn fyrir tengilið umsækjanda.

Eftir móttöku umsóknar fara starfsmenn KMÍ yfir umsóknina og kanna hvort hún uppfylli formkröfur. Umsækjandi fær svar innan þriggja virkra daga um niðurstöðu þeirrar athugunar. Ef umsóknargögn eru fullnægjandi skv. fyrstu skoðun er það tiltekið, en ef eitthvað vantar upp á er umsækjanda bent á það og gefinn tímafrestur til að bæta þar úr.

Starfsmenn KMÍ fara yfir umsóknargögn. Meðal annars er farið yfir skráningu sölutekna sem eru gefnar upp þær bornar saman við gagnagrunn FRÍSK sem er miðlæg skráning aðsóknar sölutekna kvikmyndahúsa á Íslandi. Þá er litið til annarra ríkisstyrkja sem kvikmyndin hefur fengið m.t.t. hvort samanlagðir ríkisstyrkir fari með veitingu sýningarstyrkja yfir 85% af framleiðslukostnaði, sem er það

**Leiðbeiningar og skýringar:
Umsóknir um sýningarstyrki vegna ársins 2019**

hámark sem gildir um kvikmyndir á íslensku samkvæmt samþykktum ríkisstyrkjareglum. Þá er einnig litið til hvort samanlagðir ríkisstyrkir til styrkþega utan samþykktra ríkisstyrkjakerfa (þ.e. Kvikmyndasjóðs og endurgreiðslna) fari yfir 200 þúsund Evrur á síðastliðnum tveimur árum, vegna ákvæðna reglna um minniháttarstyrki.

Ef spurningar vakna eða misræmi gætir er haft samband við umsækjanda og óskað skýringa.

Ákvörðun um veitingu sýningarstyrkja og fjárhæð þeirra er í raun “hálf sjálfvirk” í samhengi þess að svigrúm fyrir matskenndar ákvarðanir er óverulegt. Skilyrði styrkveitingar eru hlutlæg (tungumál og lengd kvikmynda) og fjárhæð styrkjanna háð einfaldri reiknireglu miðað við skráðar tekjur.

Þegar ákvörðun um styrk liggur fyrir er umsækjanda tilkynnt um niðurstöðuna. Gert er ráð fyrir að það sé innan tveggja vikna frá því að fullgild umsóknargögn berist. Forstöðumaður KMÍ tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingar sýningarstyrkja eins og aðrar styrkveitingar Kvikmyndasjóðs.

G. Móttaka umsókna og umsóknarfrestur

Opnað er fyrir móttöku umsókna í febrúar 2020 vegna ársins 2019. Umsóknarfrestur rennur út 30. júní 2020. Eftir þann tíma er ekki hægt að sækja um sýningarstyrki. Allur réttur til sýningarstyrkja vegna þessara ára fellur niður að liðnum umsóknarfresti.

H. Kæruleið

Hægt er að kæra ákvörðun KMÍ um styrkveitingu til menningar- og menntamálaráðuneytis, telji umsækjandi ástæðu til.